

Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur

Fornleifaskráning

Agnes Stefánsdóttir



1

Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur

Fornleifaskráning

Agnes Stefánsdóttir



Ljósmynd á forsíðu: Horft heim að Járngerðarstöðum (Ljósm. A.S.).

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands / Agnes Stefánsdóttir.
Öll réttindi áskilin.

ISSN 1560-8050

Prentun/umbrot: Gutenberg - Hraðlestin

Efnisyfirlit

Contents

Inngangur	5
Járngerðarstaðir - 181017-17	8
Fornleifaskrá - Járngerðarstaðir	9
Akurhús 181020-20	15
Fornleifaskrá - Akurhús	15
Garðhús 181025-25	15
Fornleifaskrá - Garðhús	15
Gjáhús 181024-24	15
Hóll 181022-22	16
Fornleifaskrá - Hóll	16
Krosshús 181021-21	16
Fornleifaskrá - Krosshús	16
Kvíhús 181018-18	17
Fornleifaskrá - Kvíhús	17
Langi 181023-23	18
Fornleifaskrá - Langi	18
Rafnshús 181019-19	18
Fornleifaskrá - Rafnshús	18
Vallhús 181026-26	18
Fornleifaskrá - Vallhús	18
Niðurstaða	18
Heimildaskrá	19

Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur

Inngangur

Með símtali 19/12 2000 óskaði Ómar Bjarki Smáráson frá Jarðfræðistofunni Stapa eftir því, fyrir hönd Grindavíkurbæjar að fornleifadeild Þjóðminjasafnsins tæki að sér fornleifaskráningu vegna lagfæringar á vegarslóða sem liggur milli túns og sjávar á Járngerðarstöðum og í vestur frá bænum gegnum hraunið. Ákveðið var að gerð yrði svæðisskráning (heimildaskráning) fyrir alla jörðina en einungis framkvæmdasvæðið yrði skoðað á vettvangi. Heimildaskráningin var gerð í janúar 2001 og framkvæmdasvæðið skráð á vettvangi 15. febrúar og 12. mars 2001.

Tilgangur fornleifaskráningar

Í þjóðminjalögum nr. 88/1989 með breytingum nr. 43/1991 og 98/1994 er ákvæði um að skylt sé að skrá fornleifar á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja eins og best verður á kosið varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar (sjá 1. gr.), þar á meðal fornleifa. Í 16. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] *Hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*

- byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
- gömul tún og akurgerði, áveitumannvirkni og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*

- gamliir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
- virki og skansar og önnur varnarmannvirkni;*
- gamliir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
- áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;*
- haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
- skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 17. grein segir að fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til." Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það þjóðminjafirvöldum. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun þjóðminjafirvalda liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum vinna á staðnum megi halda áfram (20. gr.).

Friðlýstar fornleifar njóta ríkari verndar en aðrar friðaðar fornleifar. Um friðlýsingar er fjallað í 18. gr. þjóðminjalaganna, en þar segir:

Þjóðminjasafn ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skuli friðlýstar. Friðlýsingu fornleifa

skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar fornleifar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Tilkynna skal landeiganda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðlýsingu. Þjóðminjasafn gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér.

Þjörgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmda-aðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur safnið krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknnum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 21. gr. þjml.).

Fornleifaskráning

Í fornleifaskráningu Þjóðminjasafns Íslands eru minjarnar skráðar í gagnasafnskerfið Sarp. Fornleifarnar eru flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.¹

Um er að ræða eina jörð í Grindavíkurbreppi, Járngerðarstaði, en á jörðinni voru einnig nokkrar hjáleigur sem skráðar eru sem einstakar jarðir vegna þess að þær hafa fengið eigið númer í fyrrnefndu Jarðatali Johnsens.

Hverri jörð fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmynd/teikning þegar við á.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (t.d. Járngerðarstaðir-181017) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (17). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig; íbúðarhúsin á Járngerðarstöðum eru nr. 1 og þar af leiðandi auðkennd með eftirfarandi hætti: Járngerðarstaðir-181017-17-1.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er lýst í örfáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sjást fornleifar ekki á yfirborði, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að "heimild" sé til um t.a.m. útihús. Þetta gefur til kynna að fornleifar geti leynst í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérheiti, t.d. Loftskofi eða Kóngsgarður, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að

1 J. Johnsen. Jarðatal á Íslandi.

hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdagleði

mannsins kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í heimildir undir sérhverjum skráðum minjastað. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Járngerðarstaðir - 181017-17

Saga

Landnámsmenn í Grindavíkurhreppi voru tveir: Molda-Gnúpur Hrólfsson, er nam Grindavík, og Þórir haustmyrkur Vígbjódsson, er nam Selvog og Krýsuvík. Gnúpur þessi fór til Íslands fyrir víga sakir og nam land milli Kúðafljóts og Eyjarár og allt Áltaver. Þar bjó hann, uns byggðin spilltist af hraunstraumi. Eftir vetursetu á Höfðabrekku fór hann um vorið ásamt sonum sínum vestur til Grindavíkur, og tóku þeir sér þar bólfestu. "Vitneskja okkar um upphaf byggðar í Grindavík takmarkast við frásögn Landnámu af Molda-Gnúpi og sonum hans, og ekkert er vitað með neinni vissu um byggðina og sögu hennar næstu þrjár aldirnar."²

Heimildir um sögu jarðarinnar og ábúendur þar fyrir 1700 eru mjög af skornum skammti. Í fornbréfum er jarðarinnar sjaldan getið nema helst í sambandi við fjöruvéttindi. Er þó sýnt að hún hefur komist í eigu Skálholtsstaðar ekki síðar en um miðbik 15. aldar.³ Er Wilkinsmáldagi var settur, árið 1397, hafði Staðarkirkja í Grindavík eignast hálfá heimajörðina á Stað og að auki ítök í Húsatóttum, Járngerðarstöðum og Hrauni. Áttatíu árum síðar, 1477, setti Magnús biskup Eyjólfsson kirkjunni nýjan máldaga og átti hún þá allt heimaland á Stað. Í þeim máldaga kom ekkert fram um eignarhald á öðrum jörðum í víkinni, en líklegt er að þær hafi þá allar verið komnar í kirkjueign.⁴

Í manntali 1703 voru tíu hjáleigur á Járngerðarstöðum, engin þeirra er þó nefnd með nafni. Þá voru tíu í heimili á höfuðbólínu. Á árunum 1785-1791 voru flestar stólsjarðirnar seldar og hófst sala stólseigna í Grindavík 30. júlí 1785 með sölu jarðanna Hrauns og Ísólfskála. Um sölu Járngerðarstaða hafa engin skjöl fundist en jörðin mun engu að síður hafa verið seld um þetta leyti Jóni Jónssyni, ættföður Járngerðarstaðaættar.⁵ Í manntali 1801 voru Járngerðarstaðir tvíbýli með 8 hjáleigum.

1816 voru þeir einnig tvíbýli með 9 hjáleigum, þar af einu tvíbýli.

1845 áfram tvíbýli og 9 hjáleigur, þar af eitt tvíbýli.

² Jón Þ. Þór. Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800, bls. 77-78.

³ *ibid*, bls. 121.

⁴ *ibid*, bls. 226.

⁵ *ibid*, bls. 273-4

Á túnakorti sem gert var 1918 kemur fram að tún eru slétt og voru þau flestöll sléttuð stuttu áður en kortið var gert.

Járngerðarstaðir voru þingstaður Grindvíkinga.⁶

Náttúrufar og jarðabætur

Landamerki Járngerðarstaða 1889 voru:

"Að vestan byrjuð: Frá Markhól við sjóinn beina stefnu á Stapafellsþúfu, þaðan á Arnarstein fyrir ofan Snorrastaða vatnsgjá, úr Arnarsteini í þúfuna á Skógfelli litla, þaðan í þúfuna á Stagafelli, þaðan beint fram í Markalón á Hópsrifi."

Landamerkjum þessum var mótmælt af eigendum Hóps og Húsatópta.⁷

Í lýsingu Grindavíkursóknar frá 1840-41 eftir sr. Geir Bachmann er svohljóðandi kafli um Járngerðarstaði: "Þýfð hafa tún verið á Járngerðarstöðum, en eru mikið sléttuð í seinni tíð af bóndanum Þórði sál. Einarssyni og þar núverandi bónda sgr. Einari Jónssyni. Hafa og nokkrir hjáleigubændurnir í seinni tíð þessa jarðarbót eftir þeim upp tekið. - Bæði í túninu og utan túns eru djúpar vatnsgjár, í hverjar sjór fellur að í og út; í sumum þeirra er oft veiddur áll, og mætti þó mikið meira veiða, ef atorka væri og rækt við höfð. Það hafa Járngerðarstaðir til landskosta fram yfir Stað og Húsatóttir og meiri en nokkurt annað býli í þessari sókn, að fyrst er þar nóg vatn í gjám þessum handa fénaðinum, og svo í öðrum smá stöðutjörnum, eins og líka þar er grasgefnastrúttur, þó eigi megi hagar heita."⁸

Á bls. 145-6 í sömu lýsingu segir: "hlunnindi eru hér í sveit engi nema trjáreki, og ef menn kalla svo, allgóð sauðganga í fjörunni þá vel vetrar. ... Alla tíma eru kýr hér inni nema þá 2 mánuði, sem í seli eru. ... Engin eru hér beitihús á vetrum, borgir né fjárhús. Sauðfé, sem fátt er, gengur allt úti í fjörunni gjafarlaust og kemur aldrei í hús. Það liggur undir upphrófluðum skjólgörðum, til hverra það er rekið á hverju kvöldi. ... Hver sá maður, er býli hefir hér í sókn, hefir og 1 eða 2 kálgarðsholur, eftir því ræktaðar sem hver er hneigður til atorku og pössunarsemi."

Heimildir

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík. 1937-1939.

⁶ *ibid*, bls. 121.

⁷ Landamerkjabók.

⁸ Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41, bls. 138.

Jón Þ. Þór. Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800.

Landamerkbók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands 1924-1947.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. Ættfræðifélagið 1978.

Manntal á Íslandi 1816. III. Ættfræðifélagið 1953.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. Ættfræðifélagið 1982.

Túnakort Járngerðarstaða.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Járngerðarstaðir

Járngerðarstaðir - 181017-17-1 Bústaður

Sérheiti: Járngerðarstaðir

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér. Stendur bærinn niðri við sjó, og eru þar nokkur önnur býli, sem hafa sameiginlegt land nema túnblettina. Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: Vallarhús, Kvíhús, Rafnshús, Akurhús, Gjáhús (Norður- Gjáhús heita nú Vík, en Suður- Gjáhús tilheyra Garðhúsum), Krosshús, Garðhús, Völlur (byggður úr Kvíhúsum), Hóll og Langi. Sjóbúðir eru nefndar 1703: Gullekra, Krubba og Litlu-Gjáhús." (Örn.,1)

Elsta heimild um húsakost og mannvirki í Vesturbænum á Járngerðarstöðum er úttekt frá 7. júní 1882, þar eru talin upp: baðstofa, göng frá baðstofu að bæjardyrum, bæjardyr, skáli frá bæjardyrum til eldahúss, eldahús og búr í norður-enda baðstofu. (J.Þ.Þ og G.M.H,58)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór. og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-2 Traðir

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Ganti er klettaraní með grasi utan við túnhliðið, og Traðirnar voru þar frá bæ vestur úr." (Örn.,4)

Í úttekt frá 7. júní 1882 segir: "Túngarður 160

faðmar og traðargarður 85 faðmar, samtals 245, sem allir eru í falli, ..." (J.Þ.Þ og G.M.H,58)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór. og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-3 Túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Túnhliðið á túngirðingunni að vestan hét Tíðahlið, en þá var grjótgardur kringum túnið allt. Um hliðið var farið, þegar farið var til tíða að Stað." (Örn.,4)

Í úttekt frá 7. júní 1882 segir: "Túngarður 160 faðmar og traðargarður 85 faðmar, samtals 245, sem allir eru í falli, ..." (J.Þ.Þ og G.M.H,58)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór. og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði frá 1967. Örnefnastofnun Íslands.

Járngerðarstaðir - 181017-17-4 Hjáleiga

Sérheiti: Völlur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Völlur (byggður úr Kvíhúsum)..." (Örn.,1)

Aðrar upplýsingar

Skv. Guðjóni Þorlákssyni, sem býr í Vík, fór Völlur í miklu flóði 1924. Tóftin er að mestu horfin, þó sést aðeins móta fyrir henni í túninu ASA við Járngerðarstaði.

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-5 Hjáleiga

Sérheiti: Gömlu-Rafnshús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Hrafnshús eru á milli Gjáhúsa og Akurhúsa út við túngarðinn... Hrafnshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru." (G.B.,137)

"Upp af Fornuvör eru leifar eftir Kvíhús niðri á sjávarbakkanum, og þar eru Gömlu-Rafnshús um 150 m austar." (Örn.,3)

Heimildaskrá

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-6 Hjáleiga

Sérheiti: Loftskofi

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í manntali frá 1816 er Loftskofi hjáleiga frá Járngerðarstöðum með 2 í heimili.

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi 1816. III. Ættfræðifélagið 1953.

Járngerðarstaðir - 181017-17-7 Hjáleiga

Sérheiti: Nýibær

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í manntali frá 1816 er Nýibær hjáleiga frá Járngerðarstöðum með 3 í heimili.

Heimildaskrá

Manntal á Íslandi 1816. III. Ættfræðifélagið 1953.

Járngerðarstaðir - 181017-17-8 Hjáleiga

Sérheiti: Lambhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Hjáleigur eru .. Lambhús, önnur hjáleiga, bygð fyrir innan xx ár"

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Járngerðarstaðir - 181017-17-9 Hjáleiga

Sérheiti: Hlaðhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Hlaðhús, níunda hjáleiga, gömul."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Járngerðarstaðir - 181017-17-10 Verbúð

Sérheiti: Gullekra

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Sjóbúðir eru nefndar 1703: Gullekra, ..." (Örn.,1) Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir: Gullekra, hefur verið tómthús, búðarleiga var xx álnir."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-11 Verbúð

Sérheiti: Krubba

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Sjóbúðir eru nefndar 1703: ..., Krubba,..." (Örn.,1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir: ... Krubba. Og svo tomt hús, búðarleiga var xx álnir."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-12 Verbúð

Sérheiti: Litlu-Gjáhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Sjóbúðir eru nefndar 1703: ... Litlu-Gjáhús." (Örn.,1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir: "Til forna hafa hjer verið þessar búðir: ... Litlu-Gjáhús, hafði grasnyt. Landsskyld var 1 álnir." (l = 50)

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-13 Hjáleiga

Sérheiti: Skjalda

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Geir Bachmann segir svo í Lýsingu Grindavíkursóknar 1840-41: "Eyðikotið kallast Skjalda og liggur í vestur útnorður út við túngarðinn." (G.B., 137)

Heimildaskrá

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Járngerðarstaðir - 181017-17-14 Verbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Þar ganga skip heimabóndans og þau inntökuskip, er þangað til fiskiafla ráðast fyrir undirgift, sem heimabóndi tekur, og lætur þá verbúð og vergögn í tje fyrir skipsöfnina."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Járngerðarstaðir - 181017-17-15 Verbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Skip stólsins ganga hjer venjulega iii eður iiiii, og hafa þeir verbúðir fyrir sig, sem stóllinn uppbyggir. En soðningu kaupa skipverjar. Hafa þessi skip stólsins verið so um lángrar stundir, en alt þar til í tíð Mag. Brynjólfs var gefin til heimabóndans undirgift undir þau skip, sem fleiri voru en tvö af stólsnins hendi. Og hýsti þá heimabóndi þá skipsöfn. En í tíð Mag. Brynjólfs var uppbygð önnur staðarins verbúð, sem síðan hefur viðhaldist, og engin undirgift verið frá stólnum lögð til bóndans."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Járngerðarstaðir - 181017-17-16 Verbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Á Járngerðarstöðum eru fáeinna verbúða staði, nú forfallinna, og hafa þar legið við skipshafnir inntökuskipa, sem undirgift gefið hafa."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Járngerðarstaðir - 181017-17-17 Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt frá 7. júní 1882 segir: "Kálgarður því nær til helminga stærri en hann var við síðustu úttekt þó hans þá ekki heldur væri getið, hann er víða fallinn og er afhentur af fráfaranda á álags og getur viðtakandi ekki verið því mótfallinn." (J.P.Þ og G.M.H,58)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Járngerðarstaðir - 181017-17-18 Eyktarmark

Sérheiti: Hólsbyrgi

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Hólsbyrgi er grösug hæð utan túns. Þar var hádegi frá Járngerðarstöðum. Það er austan við Litlubót." (Örn.,4)

Aðrar upplýsingar

Á hólnum þóttist skrásetjari sjá litla tóft (sjá nr. 33)

Munnmæli

Kallast hóll þessi Hádegishóll að sögn Guðjóns Þorlákssonar frá Vík í Grindavík og miðast hádegið við að sólin sé beint fyrir ofan hólinn séð úr stofuglugganum á Járngerðarstöðum.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-19 Öskuhaugur

Sérheiti: Járngerðarleiði

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Járngerðarleiði hafa menn kallað dálítinn aflangan bala í túninu á Hrafnshúsum á Járngerðarstaðahverfi. Eg lét grafa í þann bala, og reyndist hann gamall öskuhaugur." (B.J., 46)

Heimildaskrá

Brynjúlfur Jónsson. Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnassýslu sumarið 1902. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1903.

Járngerðarstaðir - 181017-17-20 Vör

Sérheiti: Fornavör

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Austan við Eystri-Þanghól er Fornavör." (Örn.,2)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-21 Vör

Sérheiti: Norðurvör

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamli sjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Skökk ..." (Örn.,3)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-22 Vör

Sérheiti: Stokkavör

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamli sjór. Næst nefinu var Stokkavör ..." (Örn.,3)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-23 Vör

Sérheiti: Suðurvör

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamli sjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör ..." (Örn.,3)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-24 Vör

Sérheiti: Staðarvör

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Austan við Akurhúsanef er komið að gömlu lendingunum. Þar var kallaður Gamli sjór. Næst nefinu var Stokkavör, þá Suðurvör og síðan Norðurvör, sem hét öðru nafni Skökk. Næst austur af er Staðarvör. Þar var uppsátur Skálholtsskipa og síðar útgerðin. Þegar S.T. fékk lóð þarna og gróf niður í kálgarði sínum, voru þar fyrir vaðsteinar og brýnskubbar o.fl. í axlardýpt ..." (Örn.,3)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá Járngerðarstaða. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Járngerðarstaðir - 181017-17-25 Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt frá 1882 segir: "Fjós með 3 básum, álist í góðu ástandi." (J.P.P. og G.M.H.,58)

Heimildaskrá

Jón P. Þór. og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Járngerðarstaðir - 181017-17-26 Garður

Sérheiti: Kóngsgarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Á Járngerðarstöðum heita Kóngsgarðar. Þar hefur til forna gengið eitt kóngsskip og gefið undirgift."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Járngerðarstaðir - 181017-17-27 Virki

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Skarðsárannál, þar sem segir frá árinu 1532, stendur: "Gerði sagður Jóhann Breiði sér þá vígi eður virkisgarð skammt frá búðum á Járngerðarstöðum, sem enn sér merki"

"Þar sem nú er urð og grjót, voru grænir grasbalar fyrir u.þ.b. hálfri öld. Enn má þó greina þarna nokkur ummerki mannvistar, og er t.d. töluvert eftir af hól, þar sem munnmæli herma, að virki Jóhanns Breiða hafi staðið" (J.P.P., 240)

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. I,2. Hið íslenska bókmenntafélag 1923.

Jón P. Þór. Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. Grindavík 1994.

Járngerðarstaðir - 181017-17-28 Dys

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Skarðsárannál, þar sem segir frá árinu 1532, stendur: "Tóku sig þá til hinir þýzku menn og Bessastaða fóveti, og komu óvart um nótt upp í Grindavík, komust upp í virki Jóhanns og slógu hann til dauðs og alla hans menn, en tóku skip

og göss og allt hvað þeir áttu. Þar sést kuml þeirra eða dysjar hjá virkisgarði."

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. I,2. Hið íslenska bókmennta-félag 1923.

Járngerðarstaðir - 181017-17-29 Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Selstöðu hefur jörðin og brúkar enn nú þar sem heita Baðsvellir, og kvarta menn um að þar sju hagar oflitlir og þröngvir. Ítem sje þar stórt mein að vatnsleysi, þá þerrar eru, og fyrir þessa lesti selstöðunnar segja menn fulla nauðsyn til að kaupa selstöðu annarstaðar."

Baðsvellir voru skammt frá Járngerðarstöðum, þar sem nú er skógræktarlundur Grindvíkinga, skammt fyrir norðan Selháls. (J.P.P.,165)

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Jón Þ. Þór. Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. Grindavík 1994.

Járngerðarstaðir - 181017-17-30 Garður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í Lýsingu Grindavíkursóknar frá 1840-41 segir séra Geir Bachmann: "Engin eru hér beitarhús á vetrum, borgir né fjárhús. Sauðfé, sem fátt er, gengur allt úti í fjörunni gjarfarlaust og kemur aldrei í hús. Það liggur undir upphrófluðum skjól-görðum til hverra það er rekið á hverju kvöldi."

Heimildaskrá

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-39.

Járngerðarstaðir - 181017-17-31 Verslun

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Ekkert er kunnugt í smátriðum um athafnir Englendinga í Grindavík næstu árin (eftir 1518). Aðsetur þeirra var nokkuð fyrir vestan Járngerðarstaðabæinn, þar sem heitir "úti á Hellunum", upp af Stóru bót, og er líklegt að þar hafi útræði þeirra og verslunarhöfn staðið." (J.P.P.,240)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór. Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. Grindavík 1994.

Járngerðarstaðir - 181017-17-32 Hleðsla

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á Gerðisvöllum má greina leifar af fornum hleðslum. (J.P.P.,251)

Munnmæli

"Munnmæli um útgerð Þjóðverja í Grindavík herma að þeir hafi haft aðsetur á Gerðisvöllum, skammt norðvestur af Stóru bót í Járngerðarstaðalandi. Þar má enn greina leifar af fornum hleðslum, og segir sagan, að þarna hafi "júngarar" verið við sjóróðra." (J.P.P.,251)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór. Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800. Grindavík 1994.

Járngerðarstaðir - 181017-17-33 Byrgi

Sérheiti: Hólsbyrgi

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing

Uppi á hól, sem kallast Hólsbyrgi eða Hádegishóll (sjá nr 18), norðan við vegarslóða sem liggur þar yfir.

Þarna virtist vera lítil tóft. Skrásetjari gat þó aðeins greins þrjár hliðar og þar af eina greinilega. Tóftin er 5 m löng og 4 m breið að utanmáli, hæð veggja 5 - 20 cm. Greinileg grjóthleðsla er í vesturlangvegg, en austurlangveggur og norðurgافل eru aðeins smá þústir. Gólfíð í tóftinni er aðeins lægra en umhverfið sem gerir hana greinilegri. Hugsanlegt er, með tilliti til heitis hólsins, að þarna hafi verið einhvers konar byrgi. Guðjón Þorláksson, fæddur 1945, sem búíð hefur þarna alla ævi, kannast ekki við að þarna hafi verið hús eða leifar húss.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Vegagerð

Járngerðarstaðir - 181017-17-34 Matjurtagarður

Sérheiti: Hólsgarður

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing

Syðst í svokölluðu Hólstúni, suðaustan við Tjörnina, rétt norðan við vegarslóða.

Kálgarður/kartöflugarður með grjóthlöðnum vegg í kring. Að innanmáli ca 26 x 18 m, veggjahæð 0,5 - 1,3 m. Veggur er hlaðinn úr hraungrýti.



Í suðausturhorni kálgarðsins er ferhyrnd rúst, sem að sögn heimildamanns (Guðjóns Þorlákssonar frá Vík) er gamall hrútakofi frá Járngerðarstöðum. Fast upp við þennan kálgarð (austan við) er annar kálgarður sem virðist eldri, hann er svipaður að stærð og sá fyrri, hlaðinn úr torfi og grjóti, veggjahæð 0,3 - 0,5 m. Veggir eru greinilegir austan og norðan megin, vesturveggur er sameiginlegur Hólsgarði en suðurhliðin er ógreinileg, þó má greina smá þúst þar.

Aðrar upplýsingar

Guðjón Þorláksson sagði að svæðið allt, kálgarðarnir tveir, hrútakofinn og staðurinn þar sem hann heyrði að kotið hefði legið (sjá 35), hafi ekkert breyst frá því hann man eftir sér. Hólsgarður var enn notaður sem kartöflugarður þegar hann var ungur.

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegagerð
Heimildaskrá
 Túnakort 1918.

Járngerðarstaðir - 181017-17-35 Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing

Í lægð eða laut austan við kálgarðana nr. 34, í dag utan túngirðingar, en miðað við túnakort frá 1918 var tóftin þá innan girðingar, í suðurhorninu á Vallartúni.

Ekki eru greinilegar rústir þarna, skrásetjari þóttist þó sjá tvær hleðslur. Önnur frá austri til vesturs, hin frá u.þ.b. miðri þeirri fyrri í suður og mynda þær eins konar T. Myndin að ofan er tekin í norðvestur og er norður-suður hleðslan fyrir miðri mynd.

Munnmæli

Guðjón Þorláksson, frá Vík í Grindavík, sagðist oft hafa heyrt að þarna hefði verið kot fyrir



löngu. Gæti hafa verið einhver af þeim hjáleigum sem hafa lagst í eyði vegna sjávangangs. (aths. skrásetjara).

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vegagerð
Heimildaskrá
 Túnakort frá 1918.




Járngerðarstaðir - 181017-17-36 Matjurtagarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir og lýsing

Á sléttum völlum vestan við túnið á Járngerðarstöðum, um 100 m frá sjó. Ein tóft með 3 hólum eða 3 tóftir (kálgarðar?) hlið við hlið. Hleðslurnar eru úr torfi og grjóti um 20 - 60 cm háar. Tóftin (tóftirnar) er ca. 5-6 m breið og ca. 17 m löng (sjá teikningu).

Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vegagerð



Akurhús 181020-20

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir:....Akurhús..." (Örn.,1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, bls. 18, eru Akurhús sögð "fimta hjáleiga bygð um langan aldur. Jarðardýrleiki óviss sem um hinar."

"Akurhús sópaðist af grunni í sjávarflóði 1925, en þá urðu nokkrir bæir að hólma." (Örn.,3)

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Akurhús

Akurhús 181020-20-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Akurhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Hjáleiga frá Járngerðarstöðum.

"Akurhús, út við garð, rétt í suðurátt." (frá Járngerðarstöðum) (G.B.,137)

Heimildaskrá

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Akurhús 181020-20-2

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér. Stendur bærinn niðri við sjó, og eru þar nokkur önnur býli, sem hafa sameiginlegt land nema túnblettina." (Örn.,1)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Garðhús 181025-25

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Garðhús..." (Örn.,1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, bls. 19 eru Garðhús sögð gömul og jarðardýrleiki óviss.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Garðhús

Garðhús 181025-25-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Garðhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Hjáleigan Garðhús stóð nokkru austan við heimabæinn á Járngerðarstöðum, lítið eitt norðar en stórhýsið, sem Einar G. Einarsson reisti og enn stendur. Síðasti torfbærinn stóð fram á þessa öld, og var hann notaður sem verbúð í nokkur ár, eftir að steinhúsið var byggt. ... Býlið var tekið út ... 14. júní 1861, en blaðsíðan, sem úttektin er færð á er svo ílla farin, að litla vitneskju er af henni að hafa um húsakost á hjáleigunni og ástand hennar. Þó má greina, að þetta ár hefur verið í Garðhúsum baðstofa, sem var sex álna löng með inngangi og hálf fimmta alin á breidd. Hún var öll undir súð, með einu rúmi, og á henni var einn þriggja rúða gluggi. Fimm aðrar byggingar voru taldar í úttektinni ..." (J.P.P. og G.M.H,62-3)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Garðhús 181025-25-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í úttekt frá 14. júní 1861 er meðal annars talið upp fjós með tveimur básum. (J.P.P. og G.M.H,63)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Gjáhús 181024-24

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Gjáhús (Norður-Gjáhús heita nú Vík, en Suður-Gjáhús tilheyra Garðhúsum)..." (Örn.,1)

Í Jarðabók Árna og Páls, bls. 18 segir: "Gjahus, sjötta hjáleiga byggð um langan aldur. Jarðardýrleiki óviss sem á heimajörðu."

Í Manntali 1801, bls. 323 eru Gjáhús einbýli, en 1816 eru þau orðin tvíbýli.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. Ættfræðifélagið 1978.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Hóll 181022-22

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Hóll..." (Örn.,1)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Hóll

Hóll 181022-22-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Hóll

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Á Hóli bjuggu árið 1822 hjónin Sturlaugur Jónsson og Guðrún Jónsdóttir, en er þau fluttust brott, virðist hjáleigan hafa lagst í eyði um hríð. Árið 1840 var Hóll kominn í byggð á ný og hélst svo fram yfir aldamót." (J.P.P. og G.M.H.,71)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Krosshús 181021-21

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Krosshús..." (Örn.,1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, bls. 19 segir: "Krosshús, sjöunda hjáleiga, gömul hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss sem á heimajörðu."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Krosshús

Krosshús 181021-21-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Krosshús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Krosshús í austur líka, en lengra frá og út við túngarðinn" (frá Járngerðarstöðum) (G.B.,137)

Elsta heimild um húsakost í Krosshúsum er úttekt frá árinu 1888. "Samkvæmt henni hafa bæjarhúsin verið fjögur: baðstofa, göng, bæjardyr og eldhús. Baðstofan var fimm ára gömul, hálf sjötta alin á lengd og fimm álnir á breidd. Hún var öll undir súð, „...sem er að sjá lítt fúin en nokkuð vatnssósa af megnum slaga," eins og segir í úttektinni. Baðstofan var þiljuð innan, með „fjalargólfi fyrir gangi", fjögurra rúða glugga og tveim rúmum. Önnur bæjarhús voru minni og sýnilega í lakara ástandi." (J.P.P. og G.M.H.,66)

Heimildaskrá

Geir Bachmann: Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Krosshús 181021-21-2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt úttekt frá 1888 voru einu útihúsin "fjós fyrir eina kú og heyhús, sem Jón Gíslason hafði byggt" (J.P.P. og G.M.H.,66)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Krosshús 181021-21-3

Hlutverk: Heyhlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt úttekt frá 1888 voru einu útihúsin "fjós fyrir eina kú og heyhús, sem Jón Gíslason hafði byggt." (J.P.P. og G.M.H.,66)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Krosshús 181021-21-4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt úttekt frá 1888 fylgdi lítill kálgarður jörðinni. (J.Þ.Þ. og G.M.H.,66)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Krosshús 181021-21-5

Hlutverk: Tún

Staðhættir og lýsing

"Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér. Stendur bærinn niðri við sjó, og eru þar nokkur önnur býli, sem hafa sameiginlegt land nema túnblettina." (Örn., 1)

"...grjótgarðar voru umhverfis bæjarhúsin, tún og traðir, og voru þó allmjög fallnir." (J.Þ.Þ. og G.M.H.,66-67)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Krosshús 181021-21-6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"...grjótgarðar voru umhverfis bæjarhúsin, tún og traðir, og voru þó allmjög fallnir." (J.Þ.Þ. og G.M.H.,66-67)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Krosshús 181021-21-7

Hlutverk: Traðir

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"...grjótgarðar voru umhverfis bæjarhúsin, tún og traðir, og voru þó allmjög fallnir." (J.Þ.Þ. og G.M.H.,66-67)

Heimildaskrá

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. Saga Grindavíkur 1800-1974. Grindavíkurbær 1996.

Kvíhús 181018-18

Saga

Kvíhús voru hjáleiga frá bænum Járngerðarstöðum í Grindavík. (Sjá Járngerðarstaði.)

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Kvíhús..." (Örn, 1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, bls. 17 segir: "Qví hús, þriðja hjáleiga yfir l ára gömul. Jarðardýrleiki óviss sem á heimajörð." (50 ára)

Kvíhús eru ekki nefnd í manntali 1801 né 1816, en 1845 eru þar 6 í heimili.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Kvíhús

Kvíhús 181018-18-1

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Kvíhús í suður frá heimabænum. ... Kvíhús standa árlega í miklum voða fyrir sjóaráfalli..." (G.B.,137)

"Upp af Fornuvör eru leifar eftir Kvíhús niðri á sjávarbakkanum..." (Örn., 3)

Heimildaskrá

Geir Bachmann: Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Kvíhús 181018-18-2

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Jörðin nær frá sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér. Stendur bærinn niðri við sjó, og eru þar nokkur önnur býli, sem hafa sameiginlegt land nema túnblettina." (Örn., 1)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Langi 181023-23

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Langi." (Örn., 1)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Langi

Langi 181023-23-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Langi

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Austan við Járngerðarstaði var kot, sem hét Langi, eins og áður er getið. Túnið milli Járngerðarstaða og Garðhúsa var Langatún." (Örn.,4)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Rafnshús 181019-19

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Rafnshús..." (Örn., 1)

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem rituð var 1703 bls. 18, voru Hrafnshús innan við 40 ára, þ.e. byggð eftir 1663. Jarðardýrleiki óviss.

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Rafnshús

Rafnshús 181019-19-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Rafnshús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Hrafnshús eru á milli Gjáhúsa og Akurhúsa út við túngarðinn... Hrafnshús, sem áður stóðu milli Ekurhúsa og Kvíhúsa, eru í seinni tíð flutt þangað, hvar þau nú eru." (G.B.,137)

Heimildaskrá

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Rafnshús 181019-19-2

Hlutverk: Tún

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Jörðin nær sjó og upp til fjalls eins og önnur býli hér. Stendur bærinn niðri við sjó, og eru þar nokkur önnur býli, sem hafa sameiginlegt land nema túnblettina." (Örn., 1)

Heimildaskrá

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Vallhús 181026-26

Saga

"Býlin hafa verið þessi: Járngerðarstaðir voru höfuðbýlið, en kotabæir þessir: ...Vallarhús..." (Örn, 1)

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703, bls. 17 segir: "Hjáleigur eru Vallarhús. Hefur verið um langan aldur. Jarðardýrleiki óviss sem á heimajörðu."

Heimildaskrá

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Fornleifaskrá - Vallhús

Vallhús 181026-26-1

Hlutverk: Bústaður

Sérheiti: Vallarhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

"Vallarhús standa í suðurátt að heiman að sjá innan í öllum kotakransinum." (G.B.,137)

Heimildaskrá

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III. Reykjavík 1937-1939.

Niðurstaða

Í Landnámu er sagt að Molda-Gnúpur Hrólfsson hafi numið Grindavík ásamt sonum sínum. Elsta

ritaða heimild sem minnst á Járngerðarstaði sjálfa er Wilkinsmáldagi frá 1397. Annars eru heimildir um jörðina fyrir 1700 af mjög skornum skammti.

5 fornleifar fundust á og við framkvæmdasvæðið við vettvangsrannsókn. Þær eru:

181017-17-18	Hólsbyrgi	eyktarmark
181017-17-33	Hólsbyrgi?	tóft
181017-17-34	Hólsgarður	matjurtagarður
181017-17-35		tóft
181017-17-36		matjurtagarður?

Fornleifar sem ekki fundust en gætu verið á framkvæmdasvæði skv. heimildum eru:

181017-17-5	Gömlu-Rafnshús	hjáleiga
181018-18-1	Kvíhús	hjáleiga

Einnig eru heimildir um fjölda verbúða sem ekki eru staðsettar nákvæmlega.

Gömlu-Rafnshús, Kvíhús og flestar verbúðanna eru líklega þegar horfnar undir mannvirki.

Hvað varðar hinar fimm fornleifarnar leggur fornleifadeild Þjóðminjasafnsins til að hjá þeim verði sneitt við vegagerð á svæðinu og að varúð verði sýnd við umferð vinnuvéla í nágrenni þeirra. Að öðru leyti er vísað í 17. og 20. gr. Þjóðminjalaga (sjá bls. 2 og 3 hér að ofan).

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. I,2. Hið íslenska bókmenntafélag 1923.

Brynjúlfur Jónsson. Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902. *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1903.

Geir Bachmann. Lýsing Grindavíkursóknar 1840-41. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III*. Reykjavík 1937-1939.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla. København 1923-4.

Jón Þ. Þór. *Saga Grindavíkur. Frá landnámi til 1800*. Grindavíkurbær 1994.

Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir. *Saga Grindavíkur 1800-1974*. Grindavíkurbær 1996.

Landamerkjabók í afsals- og veðmálalabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Manntal á Íslandi 1703. Hagstofa Íslands 1924-1947.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. Ættfræðifélagið 1978.

Manntal á Íslandi 1816. III. Ættfræðifélagið 1953.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. Ættfræðifélagið 1982.

Túnakort frá 1918

Örnefnaskrá fyrir Járngerðarstaði. Örnefnastofnun Íslands 1967.

Munnlegar heimildir

Guðjón Þorláksson, Vík, Grindavík.

Rannsóknaskýrslur 2001

1 Járngerðarstaðir í Grindavík og hjáleigur.
Fornleifaskráning.
Agnes Stefánsdóttir.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS